

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 223/1986. **Grétar Haraldsson**

(sjálfur)

gegn

Oliuverslun Íslands h/f

(Jón Ólafsson hrl.)

Víxlar. Útivist í héraði. 45. gr. hæstaréttarlaga. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 11. s.m. Hann krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, bæði sín vegna og f.h. Sundavals s/f, og að felld verði úr gildi fjárnámsgerð sem fram fór 4. mars 1986. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur borið það fyrir sig fyrir Hæstarétti, að víxill sá sem um er að ræða sé ekki samþykktur af Lúðvík Halldórssyni fyrir hönd Sundavals s/f, þar sem samþykkisáritunin er svohljóðandi: „F.h. Sundaval (stimpill) Lúðvík Halldórsson.“ Þá telur hann víxlinum í ýmsum atriðum ekki rétt lýst í héraðsstefnu.

Eigi er dregið í efa að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði og að honum hafi verið kunnugt um málsóknina. Átti hann þannig kost á að bera fram kröfur og málsástæður í héraði, og verður ekki fallist á það að hann megi koma þeim að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og fjárnámsgerð og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að því er áfrýjanda, Grétar Haraldsson, varðar, svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð.

Áfrýjandi greiði stefnda, Oliuverslun Íslands h/f, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl. er höfðað fyrir bæjarþingiinu með stefnu birtri 8. 9. og 11. október sl. af Oliuverslun Íslands hf., nnr. 6854-1808, Reykjavík gegn Grétari Haraldssyni, nnr. 2741-3978, Hegræsi 34, Garðabæ og Lúðvík Halldórssyni, nnr. 6185-4800, Erluhólum 1, Reykjavík báðum persónulega vegna sameignarfyrirtækis þeirra verslunarinnar Sundavals sf., nnr. 8545-2398, Kleppsvegi 150, Reykjavík og einnig Hreini Halldórssyni nnr. 4370-5539, Garðavegi 17, Hvammstanga sem stjórnarformanni f.h. verslunar Sigurðar Pálmasonar, nnr. 9173-3846, Hvammstanga.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 122.250,00 auk 4% dráttarvaxta frá 10. mars 1985 til 1. júní sama ár, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 288,00 í stimpilgjald og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var upphaflega tekið til áritunar þann 24. október sl. Á reglulegu bæjarþingi þann 7. nóvember sl. lagði lögmaður stefnanda fram greinargerð í málinu þar sem hann lækkaði dómkröfur sínar og var þá málinu víkið til venjulegrar meðferðar og það dómtekið sama dag.

Málsatvik:

Stefnandi kveður hinn umstefnda víxil hafa verið útgefinn á Blönduósi þann 14. febrúar 1985 að fjárhæð kr. 122.250,00 með gjalddaga hinn 20. mars 1985. Víxillinn, sem áritaður hafi verið „án afsagnar“, sé útgefinn af stefnda verslun Sigurðar Pálmasonar hf., en samþykktur til greiðslu af stefnda versluninni Sundavali sf. í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Víxillinn sé ábekktur af stefnanda.

Málsástæður:

Stefnandi kveður víxillinn ekki hafa fengist greiddan þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og sé því málssókn þessi nauðsynleg.

Í máli þessu var upphaflega krafist dóms skv. tveimur víxlum en á reglulegu bæjarþingi þann 7. nóvember sl. féll lögmaður stefnanda frá kröfum vegna annars víxilsins í málinu, það er þess sem útgefinn var á Blönduósi 22. mars 1985 að fjárhæð kr. 146.564,00 með gjalddaga hinn 31. mars 1985. Lækkaði stefnufjárhæðin sem þeirri fjárhæð nam.

Lagarök:

Stefnandi visar um lagarök til almennra reglna kröfuréttarins um greiðslur fjárskuldbindinga og vixillaga.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 18.100,00.

Dóminn kvað upp Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndu Grétar Haraldsson og Lúðvík Halldórsson báðir persónulega og v/verslunarinnar Sundavals sf., svo og verslun Sigurðar Pálmasonar hf. greiði stefnanda Ólíuverslun Íslands hf., in solidum kr. 122.250,00 með 4% mánaðarvöxtum frá 10.03. 1985 til 01.06. sama ár, en með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 01.09. sama ár, en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 288,00 í stimpilgjald og kr. 18.100,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 4. mars 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 4. mars, er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Hegranesi 34, og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinsyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: Ólíuverslun Íslands hf. gegn Grétari Haraldssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 dóm og nr. 3-5 birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Hallgrímsson lögfr. v/Jóns Ólafssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 122.250,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 10.3. '85 til 1.6. '85, með 3,5% drv. frá þeim degi til 1.9. '85, með 3,75% drv. frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.140,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 18.100,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að hlutan fógeta eiginkona hans, sem býr hér.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola G-13182, Rover 3500, árg. 1979.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu sem er ólöglærð og brýnir m.a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 224/1986. **Grétar Haraldsson**

(sjálfur)

gegn

Oliuverslun Íslands h/f

(Jón Ólafsson hrl.)

Víxlar. Áskorunarmál. Útivist í héraði. 45. gr. hæstaréttarlaga. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. ágúst 1986. Hann krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, bæði sín vegna og f.h. Sundavals s/f, og að felld verði úr gildi fjárnámssgerð 4. júlí 1986. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hin kærða áritun á áskorunarstefnu verði staðfest, svo og hin áfrýjaða fjárnámssgerð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi höfðaði í héraði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með